

Nd.

**79. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kaптúnunum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 25 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, hafi bólan komið út, en að öðrum kosti 10 aurar.

Í minni kaптúnunum og sveitum skal borgunin vera 50 aurar, ef bólan kemur út, en að öðrum kosti 20 aurar.

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.